

Kynningarefni Sjávarútvegsráðstefnan ehf.

Sjávarútvegsráðstefnan ehf.

Ákveðið hefur verið að stofna Sjávarútvegsráðstefnan ehf. Stofnfundur félagsins verður haldinn þann 19. febrúar klukkan 15:30 í Verbúðinni – Víkin, Sjóminjasafninu í Reykjavík, Grandagarði 8, 101 Reykjavík. Allir þeir sem láta sig málefni sjávarútvegsins varða eru hvattir til að gerast hluthafar. Félagið er ekki hagsmunasamtök einstakra hópa og vinnur ekki að hagsmunagæslu. Hlutverk félagsins er að halda árlega sjávarútvegsráðstefnu og er tilgangur hennar að:

- stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um sjávarútveg og
- vera vettvangur fyrir samskipti allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi.

Hugmyndin

Hugmyndin að sjávarútvegsráðstefnunni er að skapa samskiptavettvang allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við veiðar, eldi, frumvinnslu, framhaldsvinnslu, sölu og markaðssetningu, þjónustu og rannsóknir og þróun, einnig opinberir aðilar, kennarar og nemendur, fjölmiðlar og aðrir áhugamenn. Í dag eru ýmsar ráðstefnur og fundir innan sjávarútvegsins en þá yfirléitt tengt einstökum félögum, samtökum eða efni.

Sjávarútvegsráðstefnan er fyrir alla!

Markmið sjávarútvegsráðstefnunnar er að ná saman á einum stað þversneið af greininni til að vinna að framförum og sókn. Sjávarútvegsráðstefnan er vettvangur þar sem menn hittast, styrkja sambönd og samstarf í greininni. Á ráðstefnunni er fjallað um mikilvæg viðfangsefni á sviði sjávarútvegs og vonast er að hún verði uppspretta hugmynda og hvatning til góðra verka.

Skipulag félagsins

Aðalfundur félagsins kys 6 manna stjórn sem er jafnframt ráðstefnuráð. Stjórn félagsins skipuleggur og sér um framkvæmd sjávarútvegsráðstefnunnar. Við val á stjórn félagsins er leitast við að hún endurspegli sem best starfsemi sjávarútvegs. Til að tryggja að sjónarmið sem flestra innan greinarinnar nái fram er gert ráð fyrir reglulegri endurnýjun með því að skipta út helmingi stjórnar á hverju ári.

Sjávarútvegsráðstefnan 2010

Fyrsta sjávarútvegsráðstefnan verður haldin 6.–7. september 2010 á Grand Hótel í Reykjavík. Ráðstefnan verður með vefinn www.sjavarutvegsradstefnan.is þar sem hægt verður að sækja dagskrá og aðrar upplýsingar í framtíðinni. Til að tryggja að sem flestir geti sótt ráðstefnuna verða fengnir aðilar til að styrkja ráðstefnuna með að markmiði að halda þátttökugjaldi í hófi.

Næstu ráðstefnur

Næstu sjávarútvegsráðstefnur verða framvegis haldnar í fyrstu viku marsmánaðar ár hvert. Með þessari tímasetningu verður komist hjá því að halda sjávarútvegsráðstefnuna á sama tíma án þess að hún skarist við aðra sjávarútvegstengda atburði.

Frekari upplýsingar veita Guðbrandur Sigurðsson (GSM 896 0122) og Valdimar Ingi Gunnarsson (GSM 695 2269).